

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 6. október 2023
Málsnúmer: 202309-0007
IAS/PH/SS

Efni: Umsögn um vermitjarnir í landi Keldna

Vísað er í erindi frá Skipulagsstofnun, dags. 8. september 2023, þar sem óskað er eftir álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands um matsskyldufyrirspurn um vermitjarnir í landi Keldna við Eystri Rangá.

Fyrirhugað er búa til vermitjarnir með því að veita 0,5 m³/s af rennsli Eystri Rangá, um rör í gegnum varnargarð, yfir í gamlan árfarveg árinna ofan við ármót Keldnaár og Eystri Rangár. og byggja allt að 4 m háa stíflu í gamla árfarveginum rétt fyrir ofan Haldfossa. Síðar eru fyrirhugaðar tvær lægri stíflur sem getur orðið til þess að fiskgegn verði í tjarnirnar.

Um tilgang verkefnisins segir m.a.

„Vermitjarnirnar gætu orðið öflugt hrygningarsvæði fyrir laxfiska þar sem botn er heppilegur og að vatnið í vermitjörnum tæki í sig varma frá sólarljósinu sem hækkar hita vatnsins og eykur hraða og vöxt seiðabússkapar til muna. Þetta mun verða fyrsti áfangi í að gera ána að sjálfbærri laxá.“

Fram kemur að Eystri Rangá er laxgeng að Tungufossi, rúmum kílómetra neðan við fyrirhugaðar vermitjarnir og því er laxastigi fram hjá fossinum nauðsynlegur til að tilgangur verkefnisins náist.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögnin sem fylgdu beiðninni og vill á þessu stigi koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Stofnunin hefur nýlega gefið umsögn á tilkynntri framkvæmd: Tunguvirkjun í landi Keldna. Sú áformaða framkvæmd er afar nálægt fyrirhuguðum vermitjörnum og áhrifasvæðin skarast. Þá stendur einnig til í tengslum við þetta verkefni að gera Tungufoss laxgengan. Að mati Náttúrufræðistofnunar er nauðsynlegt að skoða samlegðaráhrif af öllum þessum framkvæmdum og taka þarf tillit til þessa í matsskyldufyrirspurn um vermitjarnir.

Svæðið þar sem þessar framkvæmdir eru áætlaðar hefur þónokkuð verndargildi. Það er m.a. innan skilgreinds mikilvægs fuglasvæðis – sjá hér: <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi/sudurlandsundirlendi>. Þá er neðri hluti svæðisins vel gróinn og hluti af svæði þar sem ekki hefur orðið gróðureyðing vegna hamfararofs. Frekar fá slík svæði eru á þessum slóðum og þar hafa áhrif lindarvatnsánna skipt miklu máli. Verndargildi gróðurlendisins er því umtalsvert. Ríkjandi vistgerðir samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar eru eyðihraunavist og lynghraunavist með lágt til miðlungs verndargildi á efri hluta svæðisins en neðar língresis- og vingulsvist sem hefur hátt verndargildi. Hins vegar er þörf á betri vistgerða- og gróðurkortlagningu á svæðinu. Þessar vistgerðir, sérstaklega língresis- og vingulsvist, eru mikilvæg búsvæði fyrir ábyrgðar tegundir mófugla, sérstaklega spóa. Æskilegt væri að gera úttekt á fuglalífi svæðisins og meta hver áhrif af áformuðum framkvæmdum geta orðið. Þar þarf líka að skoða fuglalíf við Keldnalæk og Eystri-Rangá.



Eystri-Rangá telst til straumvatnsvistgerðarinnar, ár á yngri berggrunni, sem hefur miðlungs verndargildi en slíkar ár, sem oftast eru lindár, geta verið lífauðugar og ríkuleg búsvæði fyrir fugla, fiska, smádýr og fleiri tegundir.

Eftir að vermitjörn hefur verið útbúin mun taka nokkur ár fyrir smádýr að nema þar land og fjölga sér í því magni að þau standi undir stofni laxfiska (seiða) sem ætlað er að alist upp í tjörninni. Ekki er æskilegt að fœðra seiði í vermitjörnum.

Alls óvíst er að vermitjarnirnar hafi jákvæð áhrif á uppgræðslu svæðisins umhverfis þar sem ekki kemur fram hve mikil hæðarmunur verður á milli vermitjarnanna og landsins umhverfis.

Ekki kemur fram hve mikið grjót stendur til að taka í stífluna eða hve mikið eldri farvegurinn verður dýpkaður. Ekki kemur heldur fram hversu umfangsmiklar þær stíflur verða, sem fyrirhugaðar eru síðar eða hvaðan efnið í þær verður tekið.

Stíflan verður gerð úr grjótdreif (50-300 mm) en samt á hún að vera lekaþétt. Ekki kemur fram hvernig stíflan verður gerð lekaþétt.

Náttúrufræðistofnun bendir á ákvæði í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, en 18. gr. laganna fjallar um breytingar á vatnshlotum.

Náttúrufræðistofnun mælir því á þessu stigi með frekari náttúrufarsathugunum á svæðinu, með áherslu á gróðurfar, fuglalíf og lífríki straumvatns og að horfa þurfi til samlegðaráhrifa allra fyrirhugaðra framkvæmda á svæðinu.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson,

